

Miðvikudaginn 24. febrúar 1988.

Nr. 14/1987. **Hannes Árnason**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.) og

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

gegn

Inga Þór Þorgrímssyni

(Gylfi Thorlacius hrl.)

Skaðabótamál. Lögreglumenn. Miskabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandinn, Hannes Árnason, skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar 1987. Hann krefst þess aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefnda gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess „að vegna hrottaskapar stefnda við handtöku stefnanda (sic) þyki rétt að stefndi beri $\frac{3}{4}$ hluta af því tjóni, sem hann varð fyrir eða m.ö.o. fái stefndi til-dæmdar kr. 45.000,- og vextir reiknist frá þingfestingardegi málsins í héraði. Málskostnaður falli niður.“

Áfrýjandinn, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. mars 1987, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. febrúar s.á. samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá lund, að sýknukrafa hans fyrir héraðsdómi verði að fullu tekin til greina og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara krefst hann þess að dæmdar fjárhæðir verði lækkaðar og málskostnaður í því tilviki látinn falla niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Sannað er í máli þessu, að stefndi hefur orðið fyrir höggi af völdum áfrýjanda, Hannesar Árnasonar. Taka ber undir það með héraðsdómara, að sannað þyki að stefndi hafi hlotið áverka á nefi

við framangreint högg og eigi því rétt á bótum úr hendi áfrýjanda, Hannesar. Varanleg örorka stefnda var metin 5%. Samkvæmt upplýsingum launadeildar fjármálaráðuneytisins hefur stefndi ekki orðið fyrir launamissi vegna þessara meiðsla, og stefndi hefur sjálfur borið fyrir dómi, að hann hafi engar tekjur misst vegna þessa. Litlar líkur verður að telja á því, að aflahæfi stefnda hafi skerst til frambúðar vegna þessara meiðsla. Eru því ekki efni til að dæma stefnda bætur vegna fjártjóns, en ljóst er, að stefndi hefur haft og hefur enn óþægindi vegna meiðsla þessara og þykir rétt að dæma honum miskabætur, sem þykja hæfilega ákveðnar 50.000,00 krónur.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn þykir verða að skýra þannig að fébótaábyrgð ríkissjóðs sé til vara ef tjónvaldur er óþekktur eða ef ekki tekst að heimta bætur úr hendi hans. Þar sem ekki hefir verið sýnt fram á, að áfrýjandi, Hannes Árnason, sé ógjaldfær er greiðsluskylda áfrýjanda, ríkissjóðs, enn eigi orðin virk og ber því að sýkna hann að svo stöddu af kröfum stefnda samkvæmt 2. mgr. 69. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Rétt þykir að málskostnaður falli niður milli stefnda og áfrýjanda, ríkissjóðs.

Samkvæmt því, sem nú hefir verið rakið verður áfrýjandi, Hannes, einn dæmdur til að greiða stefnda ofangreindar bætur. Fallast ber á úrlausn héraðsdómara um vexti að öðru leyti en því, að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags dæmast hæstu innlánsvextir samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands.

Áfrýjandi, Hannes, greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Hannes Árnason, greiði stefnda, Inga Þór Þorgrímssyni, 50.000,00 krónur með 24% ársvöxtum frá 21. febrúar 1985 til 11. maí 1985, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 19. nóvember 1986, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til 14. apríl 1987 og hæstu innlánsvöxtum samkvæmt auglýsingum

Seðlabanka Íslands, sbr. vaxtalög nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi, Hannes, greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 65.000,00 krónur.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, á að vera sýkn að svo stöddu af kröfum stefnda, en málskostnaður fellur niður þeirra í milli í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i
hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og
Guðrúnar Erlendsdóttur.

Við erum sammála atkvæði meirihluta dómenda að öðru leyti en því er varðar aðaláfrýjandann fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Við teljum að skýra beri ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972 á þann veg, að með því sé kveðið á um beina fébótaábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem lögreglumenn verða fyrir vegna starfs síns. Beri því að dæma hann óskipt með aðaláfrýjandanum Hannesi Árnasyni til að greiða stefnda skaðabætur, sem meiri hluti dómenda hefur dæmt, ásamt vöxtum og málskostnaði eins og í dómsorði þeirra segir.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. nóvember 1986.

Mál þetta sem tekið var til dóms 14. nóvember 1986 er höfðað með stefnu er þingfest var á bæjarþingi Reykjavíkur 21. febrúar 1985 af Inga Þór Þorgrímssyni, nnr. 4573-7659, Norðurtúni 15, Bessastaðahreppi á hendur fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Hannesi Árnasyni, nnr. 3715-6833, Bylgjubyggð 17, Ólafsfirði. Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði in solidum gert að greiða kr. 362.837,00 ásamt 22% ársvöxtum frá 19. júlí 1979 til 1. september 1979, en frá þeim degi af sömu upphæð með 27% ársvöxtum til 1. desember 1979, en frá þeim degi af sömu upphæð með 31% ársvöxtum til 1. júní 1980, en frá þeim degi af sömu upphæð með 35% ársvöxtum til 1. júní 1981, en frá þeim degi af sömu upphæð með 34% ársvöxtum til 1. nóvember 1982, en frá þeim degi af sömu upphæð með 42% ársvöxtum til 21. september 1983, en frá þeim degi af sömu upphæð með 35% ársvöxtum til 21. október 1983, en frá þeim degi

af sömu upphæð með 32% ársvöxtum til 21. nóvember 1983, en frá þeim degi af sömu upphæð með 27% ársvöxtum til 21. desember 1983, en frá þeim degi af sömu upphæð með 21,5% ársvöxtum til 21. janúar 1984, en frá þeim degi af sömu upphæð með 15% ársvöxtum til 1. september 1984, en frá þeim degi af sömu upphæð með 17% ársvöxtum til 1. janúar 1985, en frá þeim tíma af sömu upphæð með 24% ársvöxtum til stefnubirtingardags, en frá þeim degi með dómvöxtum til greiðsludags.

Til vara að stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði einn dæmdur til greiðslu á kr. 362.837,00 með þeim vöxtum sem krafist er í aðalkröfu frá 19. júlí 1979 til greiðsludags, en ella einfaldrar ábyrgðar á þeim kröfum er stefndi Hannes verði dæmdur til að greiða skv. þrautavarakröfu.

Til þrautavara að stefndi Hannes Árnason verði einn dæmdur til greiðslu á kr. 362.837,00 með þeim vöxtum sem krafist er í aðalkröfu frá 19. júlí 1979 til greiðsludags.

Í öllum tilvikum er krafist greiðslu á útlögðum kostnaði kr. 15.870,00 og málskostnaði skv. gjaldskrá LMFÍ.

Gerð er krafa um að vextir leggist við höfuðstól um hver áramót, í fyrsta skipti 1. janúar 1980 og þannig áfram með árs millibili og að vextir reiknist af samanlögðum höfuðstól og vöxtum.

Til vara er þess krafist að vextir leggist við höfuðstól einu ári eftir upphafstíma kröfu, þ.e. í fyrsta skipti 19. júlí 1980, og að vextir reiknist þá af samanlögðum höfuðstól og vöxtum með árs millibili.

Af hálfu stefndu var töluleg breyting á kröfugerð stefnanda samþykkt en viðbót við varakröfu mótmælt sem of seint fram kominni, enda fæli hún í sér breytingu á framsetningu og uppbyggingu kröfugerðar, sem leiddi til röskunar á grundvelli málsins, eins og hann hafi verið mótaður í upphafi. Í sinni upphaflegu mynd var varakrafa stefnanda svohljóðandi: „Til vara að fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði einn dæmdur til greiðslu á kr. 297.447,00 með þeim vöxtum sem krafist er í aðalkröfu frá 19. júlí 1979 til greiðsludags.“ Stefndi lýsti því þá yfir að hér væri ekki um nýja kröfugerð að ræða heldur áréttingu upphaflegrar kröfugerðar sem gerð væri vegna athugasemda í greinargerð stefnda fjármálaráðherra.

Af hálfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs eru gerðar þær dómkröfur *aðallega* að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. *Til vara* er þess krafist að stefnukröfurnar verði lækkaðar stórlega og málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

Af hálfu stefnda Hannesar Árnasonar eru gerðar þær dómkröfur *aðallega* að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. *Til vara* að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður falli niður.

Málsatvik.

Tildrög máls þessa eru þau að að kvöldi miðvikudagsins 18. júlí 1979 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um ölvaðan mann að Jörfabakka 28 sem lægi þar ósjálfbjarga fyrir frama dyr íbúðar sinnar. Stefnandi, sem þá var starfandi ríkislögreglumaður í Reykjavíkurmðæmi, var þá við skyldustörf og fór á staðinn ásamt Frosta Sæmundssyni lögreglumanni nr. 144 og Herði Guðjónssyni lögreglumanni nr. 216, sem var sumarafleysingamaður. Hinn ölvaði maður reyndist vera stefndi Hannes Árnason. Hafði hann ekki fundið lykil að íbúðinni í vasa sínum og því sofnað þar sem hann var kominn. Það kom í hlut stefnanda að reyna að ná sambandi við Hannes sem í því að hann vaknar greiðir stefnanda högg í andlitið svo blóð fossaði úr nefi hans. Stefndi Hannes Árnason var fluttur í fangageymslu lögreglunnar til gistingar og yfirheyrður um atburðinn næsta dag. Kvaðst hann þá ekki muna eftir atviki þessu; kvaðst hann hafa verið við drykkju kvöldið áður og muna síðast eftir sér þegar hann var staddur á Reykjavíkurflogvelli um kl. 20:00, þá að koma frá Akureyri með flugvél frá Norðurflugi hf. Lýsti hann við þessa yfirheyrslu vilja til að mæta hugsanlegri skaðabótakröfu á hendur sér fyrir nefnt högg í andlit lögregluþjónsins. Er stefndi Hannes hafi verið fluttur á aðalstöð lögreglu fór stefnandi á Slysadeild Borgarspítalans vegna áverka síns. Ofangreint útkall er skráð kl. 23:35 18.7. 1979 og skv. læknisvottorði Slysadeildar kom stefnandi þangað 19.7. 1979, kl. 00:15.

Við skoðun á Slysadeild Borgarspítalans kom í ljós að nef stefnanda var bólgið og marið og virtist skakkt. Það var aumt viðkomu og blóð hafði runnið úr báðum nösum. Samkvæmt röntgenmyndatöku var nefbein ekki brotið en sár var á miðsnesi. Við skoðun sérfræðings Ólafs F. Bjarnasonar, hinn 1. ágúst s.á. kom í ljós mikil skekkja á framhluta miðsness, þ.e.a.s. brjóskhluta nefins, sem orsakaði talsverða stíflu í vinstri nös. Var áverki þessi talinn vera afleiðing höggsins. Ráðlögð var aðgerð sem þó var ekki hægt að framkvæma fyrr en miðsnesið væri gróið. Aðgerð var gerð í júní 1980. Eftir aðgerð var öndun greið í gegnum báðar nasir en hrúðurmyndun orsakaði nefstíflu. Stefnanda var metin örorka vegna þessa: 20% í 11 mánuði frá slysdegi, síðan 100% næsta mánuð, síðan 5% varanleg.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveður stefnufjárhæðina, kr. 362.837,00, sundurliðast þannig: kr. 282.837,00 vegna örorkutjóns, kr. 80.000,00 vegna miska. Kveðst stefnandi hafa orðið fyrir tjóni af líkamsárás stefnda Hannesar Árnasonar þegar stefnandi var við störf sín sem löggæslumaður. Tjónið hafi verið metið til örorku af dr. Ólafi Jónssyni. Örorkumat byggi á læknisfræðilegum grunni og mæli það í raun röskun á lífsafstöðu tjónþola í þjóðfélaginu. Verulegar

líkur séu á að slík skerðing hafi í för með sér skerta tekjuöflunarhæfileika þar sem ástand fyrir og eftir tjón sé ekki hið sama. Fyrir því hljóti að vera löglíkur. Kveðst stefnandi þjást af stöðugri hrúðurmyndun, fyrirvaralausum blóðnösom og mikilli kvefsækni og nefrennsli, sem allt séu afleiðingar þeirrar líkamsárásar sem hann hafi orðið fyrir í umrætt sinn.

Stefnandi leitaði til Þóris Bergssonar cand act. um útreikning örorkutjóns og byggir upphaflega fjárkröfu sína á greinargerð og útreikningi hans, dags. 26. apríl 1984 en endanlega dómkröfu á greinargerð og útreikningi hans frá 16. apríl 1986. Þegar þeir útreikningar séu bornir saman við tekjur fyrstu árin eftir slysið og þær bornar saman við áætlaðar tekjur, komi í ljós að áætlaðar tekjur séu hærri. Þýði það í raun að tekjur hafi dregist saman og er því haldið fram í málinu að það sé vegna skertrar starfsorku.

Kröfur sínar á hendur stefnda Hannesi Árnasyni kveðst stefnandi byggja á almennum reglum skaðabótaréttar.

Stefnandi kveðst reisa stefnukröfur sínar á hendur fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs á 5. gr. laga nr. 56 frá 1972 um lögreglumenn og á almennum reglum skaðabótaréttar. Einnig kveðst hann vísa til ákvæða í kjarasamningi Landsambands lögreglumanna og fjármálaráðherra um slysabætur er í gildi hafi verið er atvik þetta átti sér stað. Þá sé það almenn grundvallarregla í íslenskum rétti að launþegi sem slasast í vinnu eigi rétt á því að atvinnurekandi bæti honum tjón hans að fullu. Engin ástæða sé til að ætla að þessi regla eigi ekki að gilda um lögreglumenn.

Stefnandi kveður mál þetta höfðað gegn stefndu in solidum með vísan til 47. gr. l. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og sé því stefnt fyrir bæjarþing Reykjavíkur með vísan til 83. gr. og 84. gr. sömu laga.

Stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs kveðst skilja kröfugerð stefnanda svo að hann setji á oddinn að dómurinn staðfesti solidariska bótaábyrgð á tjóni hans. Jafnframt verði kröfugerð hans ekki á annan veg skilin en svo að ef ekki sé á þá kröfu hans fallist, að þá geti hann snúið sér beint að ríkissjóði um bætur og þá afsali hann sér varaábyrgð ríkisins á tjóni sínu. Sú uppsetning á kröfugerð stefnanda, aðallega að báðir stefndu verði dæmdir in solidum, en til vara að ríkissjóður verði einn dæmdur og meðstefndi Hannes þá sýknaður af öllum kröfum hans, en til þrautavara að meðstefndi Hannes verði einn dæmdur og ríkissjóður þá sýknaður, verði ekki á annan veg skilin. Því er haldið fram að stefnandi geti ekki breytt varakröfu sinni við málflutning og að varakrafa stefnanda í sinni upprunalegu mynd standist ekki, þar sem í henni felist afsal á skaðabótaábyrgð vegna tjónvaldandi atburðar. Krafa á hendur ríkissjóði samhliða slíku afsali fái ekki staðist.

Þá vísar hann málatilbúnaði stefnanda á hendur sér alfarið á bug.

Telur hann í fyrsta lagi að það standist ekki hjá stefnanda að í 5. gr.

laga nr. 56/1972 um lögreglumenn felist að lögreglumaður geti ávallt snúið sér beint að vinnuveitanda sínum um bæt看. Þegar svo standi á sem hér, að vitað sé hver olli tjóninu og beri bótaábyrgð á því, þá beri stefnanda að snúa sér beint að tjónvaldi með bótakröfu sína. Því er haldið fram, að 5. gr. áðurgreindra laga um lögreglumenn hafi ávallt frá því hún kom í lög verið skýrð svo að ábyrgð vinnuveitanda, hvort heldur átt hafi í hlut ríki eða sveitarfélög, komi ekki til nema enginn annar sé er beri ábyrgð á tjóni eða staðreynt hafi verið að tjónvaldur sé ekki fær um að greiða bæt看. Ábyrgð vinnuveitanda skv. 5. gr. laga nr. 56/1972 sé því eingöngu til vara. Komi þessi skilningur einnig fram í samkomulagi milli fjármálaráðherra og dómsmálaráðuneytisins og Landssambands lögreglumanna á dskj. nr. 18. Í máli þessu sé fyllilega upplýst hver staðið hafi að árás þeirri sem stefnukrafan sé sprottin af, þ.e.a.s. meðstefndi Hannes, og af hans hálfu hafi strax daginn eftir árásina komið tilboð um greiðslu bóta, kæmi fram krafa um slíkt. Eins og máli þessu sé háttað geti stefnandi því ekki á grundvelli 5. gr. laga um lögreglumenn, krafið ríkissjóð beint um bæt看 hvorki in solidum með stefnda Hannesi né einan sér.

Í annan stað sé því harðlega mótmælt að til staðar sé í íslenskum rétti almenn grundvallarregla þess efnis að vinnuveitandi sé ávallt að fullu bóta-skyldur gagnvart launþega sem slasist í vinnu án tillits til þess hvernig slysið beri að höndum. Hvorki sé skráð réttarregla né dómafordæmi sem skjóti stoðum undir þessa skoðun stefnanda. Þær reglur skaðabótaréttarins sem hugsanlega gætu grundvallað bótaábyrgð vinnuveitanda á tjóni starfsmanns eigi hreinlega ekki við í þessu máli.

Í þriðja lagi telur hann það ekki standast hjá stefnanda að ákvæði kjarasamninga er gilt hafi þegar árásin átti sér stað mæli honum rétt til fullra skaðabóta úr hendi ríkissjóðs. Engin slík ákvæði hafi verið að finna í kjarasamningum þá eða nú. Í þágildandi sérkjarasamningi, sem lagður sé fram á dskj. nr. 22, sé ekki vikið einu orði að slysabótum. Hins vegar hafi í aðalkjarasamningi milli BSRB og fjármálaráðherra verið ákvæði um að starfsmenn skyldu vera slysaftryggðir að ákveðinni hámarksfjárhæð fyrir dauða og varanlegri örorku, og séu þau ákvæði kjarasamningsins er fjalli um slysaftryggingar lögð fram á dskj. nr. 21. Þær tryggingar séu í eigin áhættu ríkissjóðs. Samkvæmt gr. 7.1.3. skuli bæt看 fyrir varanlega örorku greiðast í hlutfalli við váttryggingarfjárhæðina en hún hafi numið á slysdegi gömlum krónum 6.550.000,00 eða 65.500,00 nýkrónum. Bæt看 vegna 5% varanlegrar örorku séu því kr. 3.278,00.

Stefndi kveðst hafa fengið gögn vegna atburðarins 18. júlí 1979 send í áföngum og með óformlegum hætti sumarið 1984. Þar sem þau hafi gefið tilefni til að draga í efa að varanleg örorka hefði í reynd hlotist af slysinu hafi stefnanda ekki verið greitt út úr slysaftryggingu skv. kjarasamningnum.

Á vottorði Slysadeildar Borgarspítalans, dskj. nr. 5, komi fram að stefnandi hafi haft skekkju á nefi áður en árásin átti sér stað. Þetta vottorð hafi sýnilega ekki legið fyrir þeim lækni er mat örorkuna, sbr. upplýsingar um gögn er þar koma fram, dskj. nr. 7, né hafi þessar upplýsingar legið fyrir þeim lækni er gefi út vottorð á dskj. nr. 6 á árinu 1980. Verði reyndar ekki af því vottorði ráðið að hrúðurmyndun í nefgöngum í kjölfar réttingar- aðgerðarinnar sé ástand sem haldast muni til frambúðar og ekki verði bót á ráðin með rétttri umönnun. Niðurstaða örorkumats á dskj. nr. 7 um varanlega örorku virðist ranglega byggð á því að hrúðurmyndun sé hlutur sem verði til frambúðar. Stefnandi haldi því fram að hann þjáist af kvefsækni, fyrirvaralausum blóðnðsum, nefrennsli og stöðugum hrúðurmyndunum og staðhæfir að þetta sé allt afleiðing árásarinnar. Þessu sé alfrið mótmælt sem ósönnuðu. Læknisvottorð þau sem lögð séu fram í málinu, sé það yngsta þeirra rúmlega 4 ára gamalt, styðji ekki staðhæfingar stefnanda. Þvert á móti verði að telja að gögn bendi til þess að hrúðurmyndanir í nefgöngum, ef þau einkenni séu á annað borð til staðar nú, sem sé ósannað hjá stefnanda, og valdi þau einhverri varanlegri örorku, þá eigi þau rætur að rekja til annarra orsaka en árásarinnar 1979 eða aðgerðarinnar 1980. Þannig sé mótmælt bæði orsakasambandi milli árásarinnar og hrúðurmyndunar í nefgöngum sem og því að slík hrúðurmyndun valdi einhverri varanlegri örorku. Einnig sé dregið í efa að hrúðurmyndun sé til staðar í dag.

Með hliðsjón af þessu megi telja einsýnt að stefnandi eigi heldur ekki kröfu á hendur ríkissjóði á grundvelli kjarasamnings þar sem enga varanlega örorku hafi leitt af árásinni og beri því alfarið að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda.

Verði ekki á sýknukröfu fallist komi til athugunar rök fyrir varakröfu stefnda ríkissjóðs. Komist rétturinn að þeirri niðurstöðu að einhverja varanlega örorku hafi leitt af árásinni og stefnandi eigi af þeim sökum rétt til slysatryggingabóta skv. kjarasamningi, þá sé því mótmælt að slíkar bætur beri vexti frá fyrri tíma en 19. júlí 1980. Jafnframt er því mótmælt að slíkar bætur komi til viðbótar skaðabótum er ríkissjóði kynni að verða gert að greiða, sbr. gr. 7.1.8. í kjarasamningi á dskj. nr. 21.

Þá er fjárkröfum stefnanda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku mótmælt sem allt of háum og grundvelli örorkumats, sem útreikningar byggjast á, sem röngum, sbr. það sem sagt er að framan, og of háum bæði hvað varðar tímabundna og varanlega örorku. Þá telur stefndi ríkissjóður að ef á annað borð verði talið sannað orsakasamband milli árásarinnar og hrúðurmyndunar í nefgöngum, þá séu afleiðingar árásarinnar ekki þess eðlis að þær hafi nein áhrif á tekjuöflunarhæfi stefnanda, en af framlögðum gögnum á dskj. nr. 19 og skattframtölum stefnanda sjáist að tekjur

stefnanda séu síst lægri en hjá öðrum lögreglumönnum né sé merkjanlegt að starfsorka stefnanda hafi beðið neinn hnekki. Þvert á móti sinni stefnandi fullu starfi í lögreglunni ásamt venjulegri yfirvinnu, jafnframt skólagöngu í Háskóla Íslands, en hann hafi verið í eins árs leyfi úr starfi frá 1. febrúar 1985 til að helga sig námi sínu. Þetta sýni öðru órækast að hverjar sem afleiðingar árásarinnar hafi verið, þá hafi þær í engu skert starfshæfni eða starfsorku stefnanda.

Miskabótakröfu stefnanda er mótmælt sem allt of hárrí og í engu samræmi við dómvenjur.

Kröfu stefnanda um að vextir leggist við höfuðstól er mótmælt.

Í skriflegri yfirlýsingu stefnda Hannesar Árnasonar sem lögð hefur verið fram sem dskj. nr. 24 lýsir hann málavöxtum þannig:

„Miðvikudaginn 18. júlí 1979 átti ég sólarhrings hafnarfrí og brá mér ásamt tveimur skipsfélögum mínum til Reykjavíkur og hugðumst við lyfta okkur upp. Um kvöldið ætluðum við heim í íbúð mína að Jörfabakka 28 í Breiðholti, en er þangað kom tókst mér ekki að finna lykil að íbúðinni, sem ég var þó með í vasanum. Skildu félagar mínir mig eftir við dyrnar er við höfðum setið þar flötum beinum um stund. Þá mun hafa verið liðið fast að miðnætti. Bæði var það að ég var þreyttur eftir erfiða veiðiferð og svo hitt að ég var talsvert ölvaður að ég sofnaði þarna við íbúðardyrnar, en þá hurfu félagar mínir á braut sem fyrr segir.

Ég mun naumast hafa sofið lengi er ég var óþyrmilega vakinn af lögreglumönnum sem bogruðu yfir mér. Umhugsunarlaust mun ég hafa danglað hendinni í andlit eins lögreglumannsins og voru þetta ósjálfráð viðbrögð manns sem vaknar við illan draum. Ég mun hafa verið færður í fangelsi því þar vaknaði ég næsta morgun.

Er ég var færður fyrir varðstjóra var mér efst í huga að ná sem fyrst frelsi mínu aftur og missa ekki af skipinu og því jánkaði ég öllu sem undir mig var borið umyrðalaust, þar á meðal bótakröfum vegna blóðnasa sem mér var tjáð að einn lögreglumannanna hefði hlotið og nú látið höfða mál út af. Auðvitað vildi ég bæta fyrir það ef ég hefði skaddað mann, það var ekkert spursmál, en samt fannst mér lögreglumennirnir eiga vissa sök á því hvernig til tókst með því að fara harkalega að sofandi manni.

Nú hef ég skoðað gögn málsins og sé af þeim að meiðsli í nefi bótakrefjanda munu vera gömul og þessi meiðsli geti verið völd að því að honum sé gjarnt að fá blóðnasir og hafi einhver óþægindi að sögn. Þessum atriðum var haldið leyndum við gerð örorkumats og því hef ég falið lögmanni mínum að neita öllum bótakröfum.“

Þá tekur stefndi einnig fram í yfirlýsingu sinni að hann telji að yfirmönnum stefnanda hafi verið ljóst að stefnandi hafi átt verulegan þátt í þessu

sjálfur, og hafi málið af þeim sökum verið fellt niður svo sem áritun á lögregluskýrslu beri með sér.

Við munnlegan málflutning kom fram sá skilningur stefnda Hannesar að hann hefði ekki greitt stefnanda högg í umrætt sinn, heldur hefði hann rekið höfuðið í andlit hans. Hér hafi því verið um óhappaverk að ræða.

Stefndi Hannes byggir sýknukröfu sína á því að ósannað sé að stefnandi hafi hinn 18. júlí 1979 hlotið alvarlegri áverka en blóðnasir sem ekki hafi haft nein eftirköst fyrir hann. Hér hafi verið um óhappatilvik að ræða. Staðreynd málsins sé sú að stefnandi hafi áður hlotið meiðsli á nefi sem hafi skekkt það, og hér sé um gömul meiðsli að ræða sem stefndi sé alls ekki valdur að. Þessari staðreynd hafi verið haldið leyndri fyrir þeim sem gerði örorkumat á grundvelli ófullnægjandi vottorða, og því sé það mat og það sem á eftir fylgdi marklaust og telur stefndi að eðlilegast væri að málinu væri ex officio vísað frá rétti. Þannig séu engar sannanir né heldur líkur fyrir því að bótaskyldur verknaður hafi verið framinn, og auk þess væri hann fyrndur ef nokkur væri. Við munnlegan málflutning lagði lögmaður stefnda Hannesar áherslu á tómlæti stefnanda þar sem svo langur tími hefði liðið frá slysi til málshöfðunar og taldi það vekja tortryggni. Einnig lagði hann áherslu á að sönnunarbyrði um atvik hvíldi á stefnanda sem hefði ekki gert tilraun til að sanna frásögn sína um það, t.d. með því að leiða fram vitni. Þá lagði hann áherslu á að örorkumat væri óstaðfest.

Álit dómsins.

Til sönnunar atvikalýsingu sinni hefur stefnandi lagt fram á dskj. nr. 3 skýrslu lögreglunnar í Reykjavík frá miðvikudeginum 18.7. 1979, sem skráð er af Frosta Sæmundssyni, lögregluþjóni nr. 144. Að málinu unnu einnig stefnandi, lögregluþjónn nr. 143, og Hörður Guðjónsson, lögreglumaður nr. 216, sem var sumarafleysingamaður. Fjallar skýrslan um handtöku og geymslu ölvaðs manns; mótþróa hans og slagsmál við lögreglu. Var hér um að ræða stefnda Hannes. Texti skýrslunnar er svohljóðandi:

„Tilkynning kom frá fjarskiptamiðstöð lögreglunnar um að maður lægi fyrir framan dyr á 2. hæð í Jörfabakka nr. 28. Er við komum á staðinn lá ofangreindur maður við dyr íbúðar á 2. hæð, hann var mjög drukkinn og gekk okkur illa að ná sambandi við hann. Lögreglumaður nr. 143 var að tala við manninn og laut hann jafnframt yfir hann, maðurinn rumskaði og án nokkurra umsvifa sló hann lögreglumanninn með krepptum hnefa beint í andlitið. Þetta var mikið högg og fossaði blóð úr nefi lögreglumannsins. Við yfirbuguðum manninn og fluttum hann í járnum á aðalstöð.

Maðurinn gat ekki gert nokkra grein fyrir sér og neitaði að segja til nafns og þvældi tóma vitleysu. Að ákvörðun varðstjóra var hann settur í fanga-geymslur lögreglunnar til gistingar. Lögreglumaðurinn fór á Slysadeild til

þess að láta kanna meiðsli sín og eru líkur til þess að hann sé nefbrotinn. Á staðnum hittum við fyrir íbúa hússins og tjáðu þeir okkur að nefndur maður væri heimilisfastur þarna, en hefði ekki haft á sér húslykla, og hefðu þeir þess vegna haft samband við lögreglu til þess að reyna að koma honum í húsaskjól.“

Næsta dag tekur Gísli M. Garðarsson rannsóknarlögreglumaður skýrslu af stefnda Hannesi og er efni skýrslu: Rannsókn vegna mótþróa, slagsmála við lögreglu o.fl. Þar segir m.a.: „Áminntur um sannsögli skýrir mætti svo frá að hann muni ekkert eftir nefndu atviki í gærkvöldi, þ.e. að hafa slegið lögregluþjón nr. 143 með krepptum hnefa í andlitið. Aðspurður kveðst mætti hafa verið við drykkju áfengis í gærkvöldi og kveðst muna síðast eftir sér þegar hann var staddur á Reykjavíkurlugvelli um kl. 20:00, þá að koma frá Akureyri með flugvél frá Norðurflugi hf. — Aðspurður kveðst mætti hafa verið mikið drukinn og eins og áður segir kveðst hann ekki muna frekari atburðarás.“ Þá lýsti Hannes sig reiðubúinn til að greiða sanngjarnar bætur vegna atviksins.

Af hálfu stefndu voru eigi bornar brigður á dskj. nr. 3 og 4 fyrr en af hálfu stefnda Hannesar við munnlegan málflutning. Er því haldið fram að aðferðir lögreglunnar, stefnanda, hafi verið þjósnalegar og orsakað þetta óhappaværk. Stefnandi byggir alfarið á ofangreindum skjölum og hefur ekki leitt nein vitni að atburðinum. Var honum þó gefinn kostur á því við endurupptöku málsins. Lögmaður stefnda Hannesar krafðist þess að lögreglumennirnir tveir nr. 144 og 216 kæmu fyrir dóminn. Upplýst var að Frosti Sæmundsson væri nú búsettur í Noregi og var þá fallið frá kröfu um að hann gæfi vitnaskýrslu. Eftir að málið hafði verið endurupptekið til öflunar frekari gagna kom fyrir dóminn, að tilstuðlan stefnda Hannesar, vitnið Hörður Guðjónsson sem var lögreglumaður nr. 216 þegar atvikið átti sér stað. Lýsti hann atburðarásinni á nokkuð annan veg en stefnandi hafði gert, en hann kvaðst þess fullviss að stefndi hefði slegið stefnanda í andlitið a.m.k. tvisvar. Upplýsti vitnið að stefnandi hefði fyrst ætlað að vekja manninn með því að hrista öxl hans, en er það hefði ekki dugað hefði hann þrýst þumalfingri fast á beinið bak við eyra hans og snúið fingrinum fram og aftur þar til maðurinn vaknaði að fullu. Taldi vitnið að vegna sársaukans sem þessi aðferð stefnanda olli hafi drukknir maðurinn vaknað illa og viðbrögð hans orðið þau sem lýst hefur verið. Kvaðst vitnið ekki vilja lýsa aðferð stefnanda sem þjósnalegri, en hann kvaðst sjálfur hafa talið hana óþarfa. Tók vitnið fram að starfsfélagar hans hefðu verið honum ósammála. Framburði vitnisins var mótmælt sem röngum af hálfu stefnanda.

Svo sem fram hefur komið við reifun málsástæðna stefnda Hannesar kvaðst hann ítrekað aðspurður við töku frumskýrslu og síðan skýrslu rann-

sóknarlögreglu ekki muna neitt frá þessum atburði. Þessum framburði sínum breytti hann síðar í skriflegri aðilaskýrslu þar sem hann fullyrðir að hann hafi verið „óþyrmilega vakinn“ af lögreglumönnum. Stefndi Hannes hefur ekki komið fyrir dóminn. Lögreglumálið á hendur stefnda Hannesi var fellt niður 19. júní 1980.

Stefnandi og vitnið Hörður voru báðir spurðir að því hér fyrir rétti hvort þeir hefðu hlotið leiðbeiningu um hvernig þeir ættu að taka á mönnum í drykkjusvefni. Svörðu þeir því báðir neitandi, en stefnandi kvaðst vera útskrifaður úr lögregluskólanum. Kvað hann mönnum vera „í sjálfsvald sett að nálgast þessa aðila eins og þeir meta aðstæður á staðnum og hvernig skynsamlegt sé að gera það“.

Starf lögreglumanns er margþætt, vandasamt og því fylgir áhætta. Svo sem í þessu tilviki er oft um að ræða í senn þjónustu við borgarana og öryggisráðstafanir. Er lögreglumanni oft nauðsynlegt að beita hörku, svo sem við handtöku óðra manna, en það er jafnframt skylda lögreglumanns að gæta hófs í beitingu þess valds sem honum er falið. Að vekja mann í drykkjusvefni með fantabragði myndi ekki samræmast þessari skyldu lögreglumanns. Þegar á allt þetta er litið sem hér að ofan hefur verið rakið og þess langa tíma sem liðinn er frá atburðinum og sönnunarfærslu stefnanda, þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á svo óyggjandi sé að aðferð hans við að vekja stefnda hafi ekki átt þátt í ofsafengnum viðbrögðum hans. Einnig ber að líta til þess að lögreglumennirnir voru þrír og máttu vera betur við því búnir að stefnandi brygðist illa við að vera vakinn. Að öðru leyti verða dskj. nr. 3 og 4 talin fullnægjandi grundvöllur málsatvikalýsingar. Telja verður að stefndi Hannes beri ábyrgð á því að koma sér í slíkt ástand að hann hafi ekki stjórn á athöfnum sínum.

Dómurinn telur þannig að fullnægjandi sönnun sé fram komin fyrir því að stefnandi málsins hafi orðið fyrir höggi frá stefnda Hannesi Árnasyni, og að ástæðu þess megi rekja fyrst og fremst til ölvunar Hannesar, en jafnframt séu líkur fyrir því að lögreglan hafi ekki gætt fullnægjandi varkárni og verði stefnandi að bera hallann af þeirri óvissu eins og mál þetta liggur fyrir. Samkvæmt þessu þykir rétt að skipta sök og skal stefnandi bera $\frac{1}{3}$ hluta tjóns síns.

Ber þá að íhuga hvort orsakasamband sé á milli höggs þess er stefnandi hlaut af völdum stefnda Hannesar og þeirra áverka er leitt hafa til óþæginda hans og metinnar örorku.

Með lögregluskýrslu, dskj. nr. 3 og vottorði læknis Slysadeildar, dskj. nr. 5 þykir sannað að stefnandi hafi komið á Slysadeild Borgarspítala í beinu framhaldi af því að hann hlaut umrætt högg. Leifur Jónsson læknir, sem ritaði vottorðið, kom fyrir dóminn. Sjálfur skoðaði hann ekki stefnanda en kvað það byggt á sjúkraskránni og röntgenmyndum og umsögn

röntgenlæknis. Ólafur F. Bjarnason læknir kom einnig fyrir dóminn, hann skoðaði stefnanda á Háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans hinn 1. ágúst 1979, í nóvember sama ár, og gerði á honum aðgerð í júní 1980. Áverka-vottorð, dskj. nr. 6 er ritað af honum 19. desember 1980. Af greindum vottorðum og framburði læknanna fyrir dómi þykir upplýst að stefnandi hafi orðið fyrir verulegum áverka af höggi því sem hann hlaut að Jörfa-bakka 28 að kvöldi 18. júlí 1979. Það er álit læknanna að hann hafi hlotið nefbrot þannig að nefbrjóskið hafi brotnað. Við þetta hafi myndast mikil skekkja á miðsnesinu yfir til vinstri sem valdið hafi stíflu í nefinu. Vitnið Ólafur F. Bjarnason lýsti afleiðingum slíkrar skekkju þannig fyrir dómi að á eðlilegu nefi væri miðsnesið beint en á sitt hvorum hliðarvegg nefnsins væru separ sem nefndust „concur“. Í slíku nefi væri öndunin greið. Hjá stefnanda hefði orðið mikil skekkja á miðsnesinu yfir til vinstri þannig að brjóskið sveigði yfir til vinstri og síðan aftur yfir miðlínu þar sem festan væri meiri, og þrengdi þannig að vinstra helmingi nefnsins. Orsökina fyrir því að hann andi ekki eðlilega gegnum nefið, hægra megin, þar sem rýmið eykst verulega við skekkjuna sé sú að „concurrnar“ stækki. Þær séu eins og blóm að því leyti að þegar rýmið eykst, þá stækki þær, og þannig þrengi þær líka að hægra helmingi nefnsins. Þetta orsaki síðan varanlega stíflu vegna þess að um óhreyfanlegt ástand sé að ræða. Þetta orsaki öndunar-tregðu sem ekki verði lagfærð nema með aðgerð.

Aðspurður um það hvernig slíkt ástand verkaði á starfsemi slímhúðar nefnsins svaraði vitnið að loftstreymi eða „turbulencinn“ í nefinu breytist nokkuð mikið. Nefið framleiddi á annan lítra af slími á dag, sem við eðlilegar aðstæður rynni aftur í kokið og maður kyngði án þess að finna fyrir því. Þegar slík breyting, eins og að framan var lýst, yrði á líkamanum þá sæti slímið lengur í nefinu og streymið yrði ekki eðlilegt aftur í kokið. Við það gufaði upp vatn úr slíminu, en það séu viss hlutföll af slími, „mucus“ og vatni og „eletrolytum“ í nefslíminu. Við þessar aðstæður þá sæti slímið lengur í nefinu, vatnið gufi upp, þannig að eftir sitji þykkra slím og þetta orsaki óþægindi frá slíminu þannig að það fari aftur í kokið og hangi aftur í kokinu og valdi óþægindum frá svokölluðu „post nasal drip“. Þá sitji slímið aftur í nefkokinu, fyrir utan það að það orsaki öndunaróþægindi. Hann kvað hrúðurmyndun einnig aukast. Það var mat læknisins að sjúkl-ingur með þessi einkenni hefði veruleg óþægindi: „Fyrst og fremst er það tilfinning að nefið sé stíflað. Maður þarf að anda með munnum og það orsakar þurrk í koki og þetta „post nasal drip“, slímið er þykkara og veldur óþægindum. Einnig veldur þetta tíðari kvefsýkingum.“ Skekkja sú sem hér hefur verið lýst og stefnandi telst hafa hlotið vegna höggs Hannesar Árnasonar var lagfærð með aðgerð í júnímánuði 1980. Var sú aðgerð framkvæmd af Ólafi F. Bjarnasyni lækni. Samkvæmt vitnisburði læknis-

ins, sem er í samræmi við það vottorð sem hann ritaði árið 1980, var árangur aðgerðarinnar góður út frá læknisfræðilegu sjónarmiði. Er sjúklingurinn kom í eftirmeðferð kveðst læknirinn hafa skrifað „control eftir aðgerð sýnir góðan loftveg í báðum nösum“. Síðan hafi stefnandi komið aftur til hans í desember s.á., þ.e. 1980, og kvartað um hrúðurmyndanir í nefi og einhver óþægindi. Aðspurður kvað læknirinn orsök hrúðurmyndunar geta verið þá að eftir svona aðgerð þá þynnist slímhúðin sem búið er að skera í og það minnki kannski slímframleiðsluna í miðsnesinu, og það geti valdið því að slímið sem sé framleitt í nefinu verði þykkra og harðara en ella væri. Við slíku sé aðeins hægt að ráðleggja fitukrem í nefið. Stundum sé hægt að ráða bót á þessu, en stundum sé þetta varanlegt ástand sem fólk verði að búa við. Aðspurður nánar um árangur aðgerðarinnar af lögmanni stefnda ríkissjóðs, hvort hann hafi verið góður, segir vitnið: „Eftir því sem ég skrifa hér, þá tel ég það. Aftur á móti er það mjög misjafnt, og það hefur minna verið um það ritað, hvað sjúklingi sjálfum finnst. Þó maður sjái að nefið sé opið og það leiði loftið eðlilega, þá er það oft einhver tilfinning sem sjúklingar hafa eftir svona aðgerð sem ekki er hægt að meta. Ég hef oft séð það og lesið um það líka. Þó að við skoðun sé allt opið, og mitt mat er það að aðgerðin hafi borið árangur.“

Af hálfu beggja stefndu hefur verið lögð mikil áhersla á það að í læknisvottorði Slysadeildar Borgarspítalans segir: „Eftir röntgenmyndatökur er séð, að ekki er um brot að ræða, en miðsnesið er skakkt og er þar um gamla skekkju að ræða.“ Telja verður að það hafi komið skýrt fram í framburði læknanna Leifs Jónssonar og Ólafs F. Bjarnasonar að þetta merki að um brot á nefbeini vegna áverkans hafi ekki verið að ræða. Brot á brjóskehla nefsins sést ekki á röntgenmynd, en brot í læknisfræðilegum skilningi tekur bæði til brots á brjóskehla og beinhluta nefs. Leifur Jónsson lækni dregur þá ályktun af röntgenmynd að nef stefnanda hafi verið eitthvað skakkt fyrir áverkann, annaðhvort vegna gamals meins eða fæðingargalla. Stefnandi hefur sjálfur neitað að hafa orðið fyrir nokkrum áverka á nefi fyrr. Aðspurður um þetta atriði, þ.e.a.s. um það hvort nefbein sjúklingsins væri skakkt, svaraði vitnið Ólafur F. Bjarnason lækni: „Það var alla vega ekki það áberandi að ég teldi ástæðu til að skrifa það niður.“ Varðandi þá varnarástæðu að stefnandi hefði fyrir áverkann haft óþægindi í nefi, þá kemur fram í vitnisburði læknanna að þegar stefnandi kom til skoðunar vegna slyssins og einnig þegar hann lagðist inn á sjúkrahúsið hafi hann upplýst um einhver smá nefstíflueinkenni öðru hverju, en slíkt væri algengt. Stefnandi kannaðist ekki við að hafa hafa kennt neinna óþæginda í nefi fyrir áverkann.

Lagt hefur verið fram nýtt vottorð Ólafs F. Bjarnasonar, dags. 28. júlí 1986, þar segir: „Sjúklingur kemur til skoðunar á nefi þann 17.07. 1986.

Segir hann nef vel opið eftir aðgerð sem gerð var 1980 en kvartar yfir hrúðurmyndun í nefi, aðallega vi. megin. Segist oft fá blóðnasir vegna þessa þegar hann er að hreinsa nefið. Fær stundum verk í nefrót og enni, sem oftast kemur eftir að hann kvefast.

Við skoðun sést að miðsnesið er í miðlínu og góður loftvegur beggja vegna. Það er talsvert mikill örvefur fremst á miðsnesinu vinstra megin, þar sem aðgerð var gerð og nokkur hrúðurmyndun þar, en mjög algengt er að slíkar hrúðurmyndanir geti ert slímhúðina og valdið blóðnösom endurtekið, en þessi örmyndun er eftir aðgerð, sem gerð var á nefinu 1980.

Sannað þykir með ofanskráðum vottorðum og vitnisburði lækna að stefnandi hafi hlotið verulegan áverka og að öllum líkindum brot á brjóskhluta nefsins við högg það er stefndi Hannes greiddi honum. Ljóst er að hann hafði eftir slysið og fram að aðgerð og a.m.k. um tíma eftir aðgerðina veruleg óþægindi vegna röskunar á starfsemi slímhúðar í nefi. Einnig þykir sannað með læknisvottorði frá 28. júlí sl. að stefnandi búi í dag við óþægindi vegna þessa og muni gera það áfram. Stefnandi þykir því eiga rétt á nokkrum bótum úr hendi stefnda Hannesar.

Örorka stefnda var metin af Ólafi Jónssyni lækni og er matið dags. 28.2. 1984; þar segir um afleiðingar höggsins:

„Hér er um að ræða 26 ára gamlan lögreglumann er varð fyrir áverka á andlitinu fyrir tæpum 5 árum, þannig að af hlaust verulegur áverki á nefi þannig að leiddi til aðgerðar er framkvæmd var 11 mánuðum síðar. Árangur aðgerðar verður að teljast eftir atvikum góður, þótt ljóst sé að Ingi Þór hafi ekki jafnað sig að fullu í nefgöngum og allar líkur benda til að svo verði ekki þannig að nokkur varanleg örorka hefur hlotist af umræddu slysi.

Eins og fram kemur að framan var Ingi Þór allilla haldinn vegna afleiðinga slyssins í fulla 12 mánuði eða þar til árangur aðgerðar var kominn í ljós.

Þar sem engar frekari aðgerðir eða meðferð er fyrirhuguð vegna afleiðinga slyss þessa er tímabært að meta örorku þá er af slysinu hlaust og telst hún hæfilega metin

20% í 11 mánuði frá slysdegi, síðan

100% næsta mánuð, síðan

5% varanleg.“

Hinn 24. september 1986 gerir Ólafur Jónsson læknir nýtt örorkumat, þar segir:

„Eftir athugun á örorkumati frá 28.02. 1984 og upplýsingum í vottorði Ólafs F. Bjarnasonar frá 28.07. 1986, sé ég ekki ástæðu til að gera breytingar á nefndu örorkumati.“

Fjárfrafa stefnanda er byggð á örorkuútreikningi Þóris Bergssonar tryggingafræðings frá 16. apríl 1986 sbr. útreikning sama frá 26. apríl 1984. Þar segir svo:

„Ingi Þór er sagður fæddur 28. maí 1957 og hefur því verið 22 ára á slysdegi.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps:

Ingi Þór hafði valið sér framtíðarstarf sem lögregluþjónn. Hann hóf störf sem slíkur hjá Lögreglunni í Reykjavík 25. maí 1977. Skattframtal árið 1979 sýnir því vinnutekjur hans við það starf heilt almanaksár. Skattframtalstekjurnar árið 1978 voru kr. 45.980,39 eingöngu aflað við löggæslustörf. Ég hef fengið yfirlit um breytingar á launaflokkum sem Ingi Þór hefur fengið greidd laun eftir frá því hann hóf störf sem lögregluþjónn og hef umreiknað skattframtalstekjur ársins 1978 til kauplags á slysdegi og síðan skv. breytingum á kjörum hans.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap þegar gert er ráð fyrir að varanlega tapið sé 5% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi og tímabundna tapið sá hundraðshluti af þeim sem örorkumat læknisins segir til um, að frádregnum 5%.

Ár	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap	
1979		tímabundið	varanlegt
(frá slysdegi)	kr. 35.540,00	kr. 5.331,00	kr. 1.777,00
1980	kr. 107.483,00	kr. 14.981,00	kr. 5.374,00
1981		kr. 157.815,00	kr. 7.891,00
1982		kr. 242.960,00	kr. 12.148,00
1983		kr. 383.374,00	kr. 19.187,00
1984		kr. 493.034,00	kr. 24.652,00
1985		kr. 656.646,00	kr. 32.832,00
1986		kr. 788.021,00	kr. 39.401,00
síðan árlega		kr. 833.509,00	kr. 41.675,00

Tekið hefur verið tillit til umsaminna launataxtahækkana, sem koma til framkvæmda 1. júní, 1. sept. og 1. des. 1986.

Verðmæti vinnutekjutaps á slysdegi.

Við útreikninga á slysdagsverðmæti vinnutekjutaps nota ég nú 6% ársvexti eftir 16. apríl 1986. Yfir tímabilið milli þess dags og áverkadags er tapið afvaxtað með vöxtum af almennum spariinnlánum Landsbanka Íslands og þeim beitt bæði sem samsettum vöxtum (aðferð I) og einföldum vöxtum (aðferð II).

Verðmæti áætlaðs vinnutekjutaps reiknast nema á áverkadegi:

	Aðferð I	Aðferð II
v/tímabundinnar örorku	kr. 19.400,00	kr. 17.504,00
v/varanlegrar örorku til 16.4. 1986	kr. 40.957,00	kr. 57.317,00
v/varanlegrar örorku eftir það	kr. 120.433,00	kr. 212.016,00
Samtals	kr. 178.790,00	kr. 282.837,00

Athugasemd:

Að gefnu tilefni legg ég áherslu á að í útreikningunum er vinnutekjutap að venju áætlað með notkun hreins læknisfræðilegs mats á örorku. Slíkt mat er mjög ótraustur mælikvarði á raunverulegt vinnutekjutap og getur verið um að ræða bæði of- og vanmat.

Hugsanlegur frádráttur og aðrar bætur.

1. Ekki hefur verið athugað hver sé eðlileg lækun verðmætis vinnutekjutaps vegna skattfrelsis bóta.
2. Hvaða laun Ingi Þór hefur fengið greidd meðan hann var frá vinnu vegna slyssins veit ég ekki.
3. Ingi Þór á rétt á örorkubótum frá samningsbundinni slysatryggingu ríkisstarfsmanna, en þar sem þriðji aðili, en ekki vinnuveitandi, er sá sem ber væntanlega skaðabótaábyrgð í máli þessu munu þær bætur ekki eiga að koma til frádráttar skv. Hæstaréttardómi á bls. 878 frá 1972 í dómasafni réttarins.

Reiknigrundvöllur:

Um vexti er rætt hér að framan. Við útreikningana hef ég notað dánarlík-ur íslenskra karla skv. reynslu árána 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi skv. sænskri reynslu.“

Þegar slysið varð var stefnandi 22 ára gamall og starfaði sem lögregluþjónn. Viss röskun varð á aðstæðum hans vegna þeirra meiðsla sem hann hlaut og hefur honum verið metin varanleg örorka vegna þessa 5%. Þegar um svo lága örorku er að ræða er ljóst að fjártjón og miski eru samofin. Sannað þykir að stefnandi búi við stöðug óþægindi, þó ekki stórvægileg. Útilokað er að segja með vissu hvaða áhrif slíkt hefur, en ekki verður útilokað að óþægindi, ekki síst í öndunarfærum, geti til frambúðar haft áhrif á orku og þar með tekjuöflunarhæfni þess er við þau býr. Við mat á tjóni stefnanda þykir því rétt að fylgja þeirri dómvenju að leggja til grundvallar örorkumat, en ákveða fjártjón og miska í einu lagi. Þegar höfð er hliðsjón af örorkumatsútreikningum tryggingafræðings, tekjum stefnanda frá tjónsdegi, hagræði við eingreiðslu bóta og skattfrelsi bóta, þá þykja bætur til handa honum hæfilega metnar kr. 180.000,00. Vegna sakarskiptingar koma þá í hans hlut kr. 120.000,00.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan er því andmælt af hálfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, að ríkissjóður beri ábyrgð skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972 í þeim tilvikum þegar vitað er hver tjóni hefur valdið, eins og hér telst vera. Ákvæðið hljóðar svo: „Lögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.“ Ákvæði þetta hefur verið tekið óbreytt í síðari lög um sama efni án athugasemda. Í greinargerð með frumvarpi því, er fyrst geymdi samhljóða ákvæði, frá árinu 1933, segir: „Slíkar bætur verður ríkið að inna af hendi, þegar ekki eru aðrir sem eru bótaskyldir, en um það fer eftir almennum reglum.“ Í nefndaráli um sömu lög um þetta atriði segir: „(Lögreglumenn) eiga kröfu á hendur ríkissjóði fyrir öll meiðsli og tjón, er þeir kunna að verða fyrir vegna starfs síns.“ Í umræðum um frumvarpið á þingi hefur áhugi löggjafanna ekki beinst að þessu ákvæði laganna, en tilefni frumvarpsins var upphot vegna vinnudeilu sem leiddi til þess að lögreglulið bæjarins lá lemstrað eftir. Þykja lögskýringargögn ekki benda til þess að þetta ákvæði laganna hafi verið sérstaklega ígrundað. Löggjafarviljinn verður hér því ekki talinn einhlítur til skýringar á efni ákvæðisins, enda þykir hið sögulega samhengi veikja það sjónarmið. Þegar virtir eru hættueiginleikar starfs lögreglumannsins í nútíma þjóðfélagi og orðalag ákvæðisins, þykir verða að skýra 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972 þannig að með henni hafi ríkissjóður tekið á sig hlutlæga ábyrgð á tjóni sem lögreglumenn verða fyrir í starfi.

Þeir einstaklingar sem valda lögreglumanni tjóni og ábyrgir eru gagnvart honum samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar eru oft þjóðfélagsþegnar sem eru illa gjaldfærir. Þykir sá skilningur óeðlilegur að lögreglumenn þurfi fyrst að ganga úr skugga um gjaldfærni tjónvalds sem við núverandi aðstæður kann að taka nokkur ár áður en hann getur snúið sér til vinnuveitanda síns um bætur. Verður að telja að það þjóni almennum hagsmunum að lögreglumenn eigi greiðan aðgang að bótum vegna tjóns er þeir bíða í skyldustarfi sínu. Með þessum rökum og þegar af þessum ástæðum þykir rétt að taka til greina kröfu stefnanda um bótaábyrgð ríkissjóðs. Og með hliðsjón af almennum reglum bótaréttar er fallist á aðalkröfu stefnanda um að stefndu, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Hennes Árnason, ábyrgist greiðslu tjónbóta in solidum.

Vegna þess dráttar er varð á höfðun máls þessa af hendi stefnanda og ekki þykir vera fram komin fullnægjandi skýring á, og þar sem ekki verður séð af gögnum málsins að fram hafi komið formleg bótakrafa á hendur stefndu fyrr en með málshöfðun þessari, þá þykir rétt að dæma almenna sparissjóðsvesti frá þingfestingardegi 21. febrúar 1985, svo sem nánar greinir í dómsorði, til dómsuppsögudags 19. nóvember 1986 en dómvesti skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Að öðru leyti er ekki

fallist á kröfu stefnanda um vaxtavexti. Samkvæmt þessari niðurstöðu og með tilvísun til sakarskiptingar skulu stefndu greiða stefnanda in solidum kr. 120.000,00 ($\frac{1}{3}$ af kr. 180.000,00) auk vaxta svo sem að ofan greinir og málskostnað kr. 50.000,00 og er þar með talinn útlagður kostnaður.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Hannes Árnason, greiði in solidum stefnanda, Inga Þór Þorgrímssyni, kr. 120.000,00 með 24% ársvöxtum frá 21. febrúar 1985 til 11. maí 1985, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags 19. nóvember 1986, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 50.000,00 í málskostnað.